RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þorgeir Auðunn Karlsson
Kt. 3004922079
Dags. 26.11.2026 16:50:01 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Daði Bjarnason
Kt. 2908745649
Dags. 26.11.2026 16:50:34 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

FUNDARGERÐ
HLUTHAFAFUNDUR SOLID CLOUDS HF.
26. nóvember 2026

Fimmtudaginn 26. nóvember 2026 kl. 16:00 var haldinn hluthafafundur í Solid Clouds hf., kt. 600913-2550, að Vegmúla 2, 108 Reykjavík.

Eggert Árni Gíslason, stjórnarformaður, setti fundinn og gerði tillögu um Daða Bjarnason, lögmann, sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri bar upp tillögu um að Þorgeir Karlsson, fjármálastjóri félagsins, yrði kosinn fundarritari. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Boðun og lögmæti fundarins

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. samþykkta félagsins skal boða til aukafundar með minnst sjö daga fyrirvara, með tilkynningu til hvers hluthafa í rafpóst eða með auglýsingu í fjölmiðlum.

Til fundarins var boðað með kauphallartilkynningu á Nasdaq First North miðvikudaginn 18. nóvember 2026 kl. 12:47. Tilkynningunni fylgdi fundarboð með dagskrá, tillögum stjórnar og greinargerðum, auk fylgiskjals 1 (breyting á samþykktum) og fylgiskjals 2 (samantekt fyrir hluthafa vegna fyrirhugaðrar afskráningar). Fundurinn var jafnframt auglýstur á fréttavef Keldunnar (keldan.is) frá og með þeim sama degi (miðvikudaginn 18. Nóvember, og fundarboðið birt á vef félagsins, solidclouds.com. Fundarstjóri taldi skilyrði 1. mgr. 13. gr. um boðun með sjö daga fyrirvara uppfyllt.

Fundarefnis var getið í fundarboði, sbr. 2. mgr. 13. gr. samþykkta. Tillaga um breytingu á samþykktum var birt orðrétt í fundarboði, sbr. 2. mgr. 16. gr. samþykkta. Dagskrá og endanlegar tillögur lágu frammi á skrifstofu félagsins og á vef þess meira en viku fyrir fund, sbr. 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Fundarstjóri greindi frá því að fylgiskjal um viðskipti með hlutabréf félagsins og markaðsaðstæður, sem vísað var til í fundarboði, hefði ekki fylgt birtingu 18. nóvember. Það var birt sem viðbótargögn (fylgiskjal 3) með kauphallartilkynningu mánudaginn 23. nóvember 2026 kl. 09:43 og á vef félagsins. Helstu tölur úr yfirlitinu komu þegar fram í fylgiskjali 2. Yfirlitið er stuðningsgagn við greinargerð en ekki tillaga, og taldi fundarstjóri það ekki hafa áhrif á lögmæti fundarins.

Fundarstjóri upplýsti að til fundarins væru mættir hluthafar og/eða umboðsmenn þeirra sem fara með 101.301.055 hluti af 143.408.778, eða sem samsvarar 70,64% alls hlutafjár í félaginu. Skilyrði 3. mgr. 13. gr. samþykkta um að mættir séu hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða yfir að minnsta kosti helmingi hlutafjár var því uppfyllt. Framlögð umboð voru yfirfarin af fundarstjóra og reyndust í samræmi við 15. gr. samþykkta.

Kannaði fundarstjóri þá hvort einhver fundarmanna gerði athugasemd við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti. Engar athugasemdir komu fram. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn því lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að eitt atkvæði fylgdi hverri krónu hlutafjár, sbr. 14. gr. samþykkta. Um tillögur nr. 1 og 3 réði einfaldur meirihluti. Til samþykktar tillögu nr. 2 þyrfti tvo þriðju hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa sem ráða yfir tveimur þriðju hlutum þess

hlutafjár sem farið væri með atkvæði fyrir á fundinum, sbr. 26. gr. samþykkta og 93. gr. laga nr. 2/1995.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál og var eftirfarandi fært til bókar:

1. Tillaga um afskráningu hlutabréfa félagsins af Nasdaq First North Growth Market Iceland

Eggert Árni Gíslason, stjórnarformaður gerði grein fyrir tillögunni og ástæðum hennar. Í máli hans kom fram að viðskipti með hlutabréf félagsins hefðu verið lítil og óregluleg og að ávinningur af skráningunni væri takmarkaður í samanburði við kostnað og umsýslu sem henni fylgir. Þá var gerð grein fyrir helstu áhrifum afskráningar á hluthafa, eins og þeim er lýst í greinargerð með tillögunni og fylgiskjölum 2 og 3. Einnig kom fram að lánveitandi samkvæmt breytanlegum skuldabréfum félagsins hefði fallið frá skilyrði um að hlutabréf félagsins séu tekin til viðskipta á markaði.

Fundarstjóri bar upp svohljóðandi tillögu stjórnar:

> *„Hluthafafundur Solid Clouds hf. samþykkir að hlutabréf félagsins, auðkenni SOLID og ISIN IS0000033173, verði tekin úr viðskiptum á Nasdaq First North Growth Market Iceland, að fengnu samþykki Nasdaq Iceland hf.*
>
> *Fundurinn samþykkir að fylgt verði eftir umsókn félagsins um afskráningu, sem lögð var fram á grundvelli ákvörðunar stjórnar frá 16. nóvember 2026 með fyrirvara um samþykki hluthafafundar.*
>
> *Stjórn félagsins er falið að senda Nasdaq niðurstöðu fundarins, fylgja umsókninni eftir, hafa samráð við Nasdaq um síðasta viðskiptadag, annast upplýsingagjöf til markaðar og hluthafa og gera nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar ákvörðuninni.“*

Tillagan var samþykkt með 95.13% greiddra atkvæða; 4.87% greiddra atkvæða (4.933.332 atkvæði) voru á móti tillögunni; enginn sat hjá.

2. Tillaga um breytingu á 1. mgr. 19. gr. samþykkta félagsins

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um að fækka aðalmönnum í stjórn úr fimm í þrjá og að varamenn yrðu ekki kjörnir. Núgildandi 1. mgr. 19. gr. hljóðar svo:

> *„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Skal ennfremur skipa þrjá varamenn á aðalfundi til eins árs í senn.“*

Fundarstjóri bar upp svohljóðandi tillögu stjórnar:

> *„Hluthafafundur Solid Clouds hf. samþykkir að 1. mgr. 19. gr. samþykkta félagsins verði svohljóðandi:*
>
> *Stjórn félagsins skal skipuð þremur aðalmönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Ekki skulu kjörnir varamenn í stjórn.*
>
> *Aðrar málsgreinar 19. gr. eru óbreyttar. Stjórn er falið að ganga frá uppfærðum samþykktum og tilkynna breytinguna til fyrirtækjaskrár innan lögmælts frests. Breytingin öðlast gildi við skráningu. Tillagan er ekki háð samþykki eða framkvæmd afskráningar samkvæmt tillögu nr. 1.“*

Tillagan var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum á fundinum. Skilyrði 26. gr. samþykkta og 93. gr. laga nr. 2/1995 um aukinn meirihluta var því uppfyllt.

3. Framkvæmd breyttrar stjórnarskipanar

Fundarstjóri upplýsti að þar sem tillaga nr. 2 hefði verið samþykkt kæmi tillaga nr. 3 til afgreiðslu. Lagðar voru fram undirritaðar, skilyrtar úrsagnir eftirtalinna stjórnar- og varamanna:

- Elías Skúli Skúlason, kt. 160865-3189, aðalmaður
- Bergþóra Halldórsdóttir, kt. 091083-3539, aðalmaður
- Björn Ingi Pálsson, kt. 160590-2389, varamaður
- Ingólfur Vignir Ævarsson, kt. 081178-3999, varamaður
- Ólafur Andri Ragnarsson, kt. 211066-4829, varamaður

Úrsagnirnar eru háðar samþykki tillögu nr. 2 og taka gildi þegar breytingin á 1. mgr. 19. gr. samþykkta hefur verið skráð í fyrirtækjaskrá. Þær eru færðar til bókar sem fylgiskjöl með fundargerð þessari.

Fundarstjóri bar upp svohljóðandi tillögu stjórnar:

> *„Að því tilskildu að tillaga nr. 2 verði samþykkt leggur stjórn til að hluthafafundur samþykki eftirfarandi fyrirkomulag við framkvæmd breytingarinnar:*
>
> *1. Úrsagnir aðalmanna. Skriflegar úrsagnir Elíasar Skúla Skúlasonar og Bergþóru Halldórsdóttur taki gildi á sama tímamarki og breyting á 1. mgr. 19. gr. samþykktanna hefur verið skráð í fyrirtækjaskrá.*
>
> *2. Úrsagnir varamanna. Skriflegar úrsagnir Björns Inga Pálssonar, Ingólfs Vignis Ævarssonar og Ólafs Andra Ragnarssonar taki gildi á sama tímamarki.*
>
> *3. Áframhaldandi stjórnarseta. Eggert Árni Gíslason, Davíð Gunnarsson og Andrea Olsen sitji áfram sem aðalmenn á grundvelli fyrra kjörs, út yfirstandandi kjörtímabil til næsta aðalfundar. Með þessari afgreiðslu fer ekki fram nýtt stjórnarkjör og kjörtímabil þeirra framlengist ekki.*
>
> *4. Samræmd framkvæmd. Núverandi stjórnarskipan haldist þar til framangreind breyting tekur gildi. Stjórn er falið að annast tilkynningar til fyrirtækjaskrár og aðra nauðsynlega framkvæmd.“*

Tillagan var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum á fundinum.

Fundarstjóri vakti athygli á því að með samþykkt tillagna nr. 2 og 3 væri lokið því máli sem frestað var á aðalfundi 16. apríl 2026 um kjör varamanna, enda verða varamenn ekki kjörnir framvegis. Fyrir hönd félagsins þakkaði fundarstjóri þeim stjórnar- og varamönnum sem víkja úr stjórn fyrir störf þeirra í þágu félagsins.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundargerð þessi var lesin upp og samþykkt án athugasemda, sbr. 90. gr. laga nr. 2/1995. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:25.

Reykjavík, 26. nóvember 2026

Daði Bjarnason, fundarstjóri	Þorgeir Karlsson, fundarritari

Fylgiskjöl með fundargerð:

- Mætingarskrá og framlögð umboð
- Skilyrtar úrsagnir fimm stjórnar- og varamanna
- Fundarboð ásamt fylgiskjölum 1–3